



*Verndarsvæði í byggð*

# ÞORPIÐ Í FLATEY Á BREIÐAFIRÐI

TILLAGA OG GREINARGERÐ

*12. febrúar 2019*

**ATA**

## EFNISYFIRLIT

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....                               | 1  |
| I. Tillaga að verndarsvæði í byggð .....      | 2  |
| 1. Mörk svæðis og skipulag .....              | 3  |
| 2. Rökstuðningur tillögu .....                | 6  |
| 3. Kynning og samráð við tillögugerðina ..... | 7  |
| 4. Vernd og uppbygging.....                   | 9  |
| II. Greinargerð með tillögu.....              | 11 |
| Inngangur .....                               | 12 |
| 1. Svæðislýsing .....                         | 12 |
| 2. Saga og þróun byggðar.....                 | 19 |
| 3. Minjar .....                               | 25 |
| 4. Greining á svipmóti byggðarinnar .....     | 28 |
| 5. Varðveislumat .....                        | 41 |
| 6. Vernd og uppbygging.....                   | 49 |
| Heimildaskrá .....                            | 51 |
| Viðauki A .....                               | 52 |

A1276-002-U03



## INNGANGUR

Flatey á Breiðafirði er einstakt svæði á Íslandi vegna sérstæðrar náttúru, menningarminja og landslagsheildar. Eyjan er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. lög nr. 54/1995.

Sjálfstjórnin í Flatey er mikið menningarverðmæti hvort heldur sem litið er til einstakra húsa, umhverfis þeirra, samstæðu húsa eða þorpsins sem heildar. Sérstæða þorpsins er talin slík að minnstu inngríp eða breytingar á húsum geti haft veruleg áhrif á svipmót byggðarinnar.<sup>1</sup> Auk þess sem byggingararfurinn hefur verndargildi er saga byggðar í eyjunni merkileg. Hvorutveggja er mikilvægt á landsvísu.

Þorpið í Flatey og nágrenni þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og þar eru sett ákvæði um varðveislu byggðarinnar og einstakra húsa, s.s. að ákvarðanir um breytingar á byggðinni eða á einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Vegna sögulegs og menningarlegs gildis þorpsins í Flatey hefur Reykhólahreppur ákveðið að leggja til við mennta- og menningamálaráðherra að það verði gert að *verndarsvæði í byggð* í samræmi við lög nr. 87/2015<sup>2</sup>. Í lögunum er „verndarsvæði í byggð“ skilgreint sem „Afmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra á grundvelli laga þessara.“ Með því að leggja til að byggðin í Flatey verði gerð að

verndarsvæði í byggð vill Reykhólahreppur festa verndun svæðisins enn frekar í sessi.

Sjálf tillagan að verndarsvæðinu er sett fram í I. hluta þessa skjals en rökstuðningur hennar í II. hluta. Þessir tveir hlutar skjalsins skiptast í eftirfarandi kafla:

- I. Tillaga að verndarsvæði í byggð
  1. Mörk svæðis og skipulag
  2. Rökstuðningur tillögu
  3. Kynning og samráð við tillögugerðina
  4. Stefna um vernd og uppbyggingu

### II. Greinargerð með tillögu

#### Inngangur

1. Svæðislýsing
2. Saga og þróun byggðar
3. Minjar
4. Greining á svipmóti byggðarinnar
5. Varðveislumat
6. Vernd og uppbygging

#### Heimildaskrá

Skjalið er unnið út frá leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um verndarsvæði í byggð.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>2</sup> Fundargerð 395. fundar sveitarstjórnar Reykhólahrepps fimmtudaginn 21. júlí 2016.

<sup>3</sup> Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Leiðbeiningar Minjastofnunar. Minjastofnun Íslands.



An aerial photograph of a small, colorful village in Iceland. The houses are painted in various colors like blue, red, yellow, and dark grey. One prominent house has a traditional thatched roof. A tall, grey stone tower stands in the center. The village is surrounded by green grass, a small stream, and a rocky coastline with a beach. People are seen walking around the village. The text "I. TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ" is overlaid on the left side of the image.

I. TILLAGA AÐ  
VERNDARSVÆÐI  
Í BYGGÐ



## 1. MÖRK SVÆÐIS OG SKIPULAG

Svæðið sem lagt er til að verði gert að „verndarsvæði í byggð“ er afmarkað sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, sjá mynd 1. Innan marka þess svæðis er þorpið, aðliggjandi mýrar og strönd og svæðið umhverfis kirkjuna.



**Mynd 1. Mörk þess svæðis sem gerð er tillaga um að verði verndarsvæði í byggð<sup>4</sup>**

Markmiðið með hverfisverndinni er að tryggja eins og mögulegt er varðveislu byggðarinnar og einstakra húsa og að ákvarðanir sem varða

<sup>4</sup> Sjá hnitaskrá byggð á afmörkun hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 í viðauka A.

breytingar á byggð eða á einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.<sup>5</sup>

Norðan og austan þorpsins er strandsvæði með bryggjum, görðum og vörum, s.s. Silfurgarður, Stórigarður og Eyjólfsbryggja, sem eru merkir minnisvarðar um tilraunir til hafnarbóta í Flatey. Á strandsvæðinu er auk þess fjölbreytt fuglalíf.

Innan hverfisverndarsvæðisins og í jaðri þess eru mýrarnar; Skansmýri, Innstabæjarmýri og Brekkubæjarmýri, sem hafa takmarkað byggðapróunina og eru ekki framræstar.


Suðurhluti hverfisverndaða svæðisins nær yfir kirkjuna, kirkjugarðinn og Klausturhóla þar sem talið er að landnámsbær eyjunnar hafi staðið.

Ákvæði hverfisverndar eru eftirfarandi:

- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins líttar röskunar og kostur er.
- Fylgja skal skilmálum í fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir þorpið þar sem markmið eru sett fram um að styrkja þorpsmyndina eftir því sem kostur er og stuðla að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heild.
- Leyfilegt er að reisa tvö ný hús á lóðum þar sem áður stóðu hús og skulu þau falla að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar útlit og yfirbragð.
- Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar

Í þorpinu er í gildi deiliskipulag sem ber heitið „Flatey á Breiðafirði, Þorpið“ samþykkt í maí 1993. Stærð svæðis er 3,4 ha.


<sup>5</sup>Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 2. Byggt á Aðalskipulagi Reykólahrepps 2006-2018<sup>6</sup>**

<sup>6</sup> Landmótun, 2008.





Mynd 3. Flatey á Breiðafirði, Þorpið (deiliskipulagsupplýðing)<sup>7</sup>

<sup>7</sup> VT Teiknistofa

## 2. RÖKSTUÐNINGUR TILLÖGU

Flatey á sér langa og merka sögu og þó að búseta í Flatey sé rakin aftur til landnáms er hér lögð áhersla á verslunar- og byggingarsöguna sem þorpið í Flatey endurspeglar í dag.

Tillaga þessi byggir í grunninn á viðamikilli byggða- og húsakönnun sem Guðmundur L. Hafsteinsson<sup>8</sup> gerði samhliða mótun Aðalskipulags Reykhólahrepps árið 2006 og var jafnframt grunnur að skilgreiningu hverfisverndarsvæðis í Flatey. Vinnan byggir einnig að miklu leyti á Fornleifaskrá<sup>9</sup> frá árinu 2016 sem unnin var af Birnu Lárusdóttur, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Garðari Guðmundssyni.

Helstu rök fyrir því að skilgreina Flatey sem verndarsvæði í byggð eru:

- Þorpið í Flatey býr yfir gæðum sem eru einstök á landinu öllu. Byggðin er vitnisburður um fyrri tíma og þá sérstöku menningu sem hefur einkennt eyjabúskap við Breiðafjörð í gegnum aldirnar.
- Byggðin telst hafa hátt varðveislugildi sem mótast af samspili menningarmínja, landslags, fornleifa, húsa og mannvirkja.
- Í þorpinu má finna einstaklega vel varðveittar húsabyrpingar sem mynda fjölbreyttar svipmótsheildir.
- Upprunagildi húsanna er hátt og ástand húsanna gott sem helgast af alúð sem fasteignaeigendur hafa sett í viðhald á þeim.

Sérstaða þorpsins í Flatey er talin slík að minnstu inngrip eða breytingar á húsum geta haft veruleg áhrif á ásýnd byggðar. Mikilvægi þess að vernda þorpið er því ekki einungis bundið við Flatey heldur landið allt.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Þorpið í Flatey á Breiðafirði. Byggða- og húsakönnun.

<sup>9</sup> Fornleifar í Flatey: Aðalskráning.

Nánari rökstuðningur fyrir tillögunni er að finna í II. hluta þessarar greingargerðar, þar sem sérkennum og verndargildi svæðisins er lýst.

<sup>10</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



### 3. KYNNING OG SAMRÁÐ VIÐ TILLÖGUGERÐINA

Í lögnum og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 er kveðið á um að gera skuli grein fyrir því samráði sem hefur verið haft við íbúa við gerð tillögu að verndarsvæði. Í samræmi við lög og reglugerð var lögð áhersla á samráð við hagsmunaaðila í mótun tillögu að verndarsvæði.

Til að vinna að tillögugerðinni skipaði sveitarfélagið stýrihóp og fékk ráðgjafarfyrirtækið Alta sér til aðstoðar. Í stýrihópnum sitja: Áslaug Berta Guttormsdóttir og Karl Kristjánsson f.h. Reykhólahrepps og Gyða Steinsdóttir og Valdimar Valdimarsson f.h. Framfarafélags Flateyjar. Verkefnisstjóri f.h. Alta er Matthildur Kr. Elmarsdóttir skipulagsfræðingur.

Snemma í vinnuferlinu, 31. janúar 2018, var þeim sem eiga fasteignir í Flatey boðið á samráðsfund þar sem tillögugerðin var kynnt og rætt um hvernig viðhalda megi byggðinni út frá verndargildi hennar. Markmið samráðsfundarins var að eiga samtal við hagsmunaaðila um tillögugerðina. Ekki voru kynntar tillögur, heldur var markmiðið að safna efniviði sem gæti nýst inn í tillögugerðina. Fundarmenn óskuðu eftir að fá tækifæri til að skila inn athugasemdum í framhaldi af fundinum og var fundarmönnum og öðrum á netfangalista Framfarafélags Flateyjar boðið að senda ábendingar og sjónarmið varðanda tillögugerðina til 21. febrúar.

Haft var samráð við Minjastofnun við mótun tillögunnar.

Gerð var grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust á samráðsfundinum og þeim sem bárust eftir fundinn í samantekt og hún send þeim sem höfðu sent athugasemdir og á netfangalista Framfarafélags

Flateyjar. Sú samantekt var einnig kynnt á kynningarvef um verkefnið ([www.flateyverndartillaga.com](http://www.flateyverndartillaga.com)).

Tillögudrög voru send til hagsmunaaðila til rýni og þeim gefnar um tvær vikur til senda inn athugasemdir. Unnið var úr ábendingum og í kjölfarið var gengið frá tillögu til kynningar og umsagnar (tillaga með verndarstefnu ásamt greinargerð), hún birt á vef og send til Framfarafélags Flateyjar og annarra hagsmunaaðila til umsagnar í byrjun júní 2018. Vinnslutillagan var send Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Breiðarfjarðarnefnd til umsagnar. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var gefinn til 15. ágúst 2018.

Haldinn var kynningarfundur þann 9. nóvember 2018 með fasteignaeigendum í Flatey þar sem vinnslutillagan var kynnt og um hana rætt.

Sveitarstjórn samþykkti þann 13. nóvember að auglýsa tillöguna formlega skv. 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð<sup>11</sup>. Gefinn var 6 vikna athugasemdafrestur. Tillagan var auglýst á vef sveitarfélagsins, birt á kynningarvef um verkefnið ([www.flateyverndartillaga.com](http://www.flateyverndartillaga.com)) og send til Framfarafélags Flateyjar. Tillagan var einnig send Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Breiðarfjarðarnefnd til umsagnar. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var gefinn til 10. janúar 2019. Athugasemdir bárust frá Breiðarfjarðarnefnd dags. 11.12.2018, Skipulagsstofnun dags. 4.1.2019 og Umhverfisstofnun dags. 15.1.2019. Með tillögunni er lögð fram viðbrögð sveitarstjórnar við þeim athugasemdum sem bárust.

Sveitarstjórn fjallaði um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu á fundi sínum þann 12. febrúar 2019<sup>12</sup> og samþykkti svör við athugasemdum.

<sup>11</sup> Fundargerð 429. fundar sveitarstjórnar Reykhólahrepps, þriðjudaginn 13. nóvember 2018.

<sup>12</sup> Fundargerð 434. fundar sveitarstjórnar Reykhólahrepps, þriðjudaginn 12. febrúar 2019

Sveitarstjórn samþykkti síðan að tillaga að verndarsvæði yrði send mennta- og menningarmálaráðherra til ákvörðunar í samræmi við 5. mgr. 4.gr. laga um verndarsvæði í byggð.



## 4. VERND OG UPPBYGGING

Sú tillaga að gera þorpið að að verndarsvæði í byggð á grunni laga þar um og tilheyrandi tillaga sem hér er sett fram, er í senn árétting á því sem þegar gildir um þorpið og staðfesting á mikilvægi þess á svæðis- og landsvísu.

Segja má að þorpið í Flatey sé nú þegar verndarsvæði ef litið er til þess hve vel hefur tekist að standa vörð um húsin og miðað við þau ákvæði sem gilda um byggðina samkvæmt lögum um menningarminjar og lögum um vernd Breiðafjarðar, auk stefnu og ákvæða í verndaráætlun Breiðafjarðar, aðalskipulagi Reykhólahrepps og í gildandi deiliskipulagi fyrir þorpið. Engu að síður þykir ástæða til að skilgreina svæðið sem verndarsvæði í byggð til að festa vernd þess enn frekar í sessi til langrar framtíðar.

Auk gildandi ákvæða hefur við mótun tillögu að verndarstefnu verið litið til þeirra áherslna sem samfélagið í Flatey hefur þegar mótað í svokölluðum samfélagssamningi Flateyinga sem byggður er á áherslum sem komu fram á Eyjaþingi hagsmunaaðila í Flatey sumarið 2010. Samkvæmt samningnum líta Flateyingar svo á að aðstandendur húsanna hafi sinnt hlutverki gæslumanna Flateyjar og staðið vörð um náttúru eyjarinnar, menningu og sögu. Lögð er áhersla á að varðveita arf forfeðra og skerða ekki möguleika kynslóða framtíðarinnar til að geta upplifað einstakt umhverfi Flateyjar.

Í takt við þessar áherslur er lögð áhersla á jafnvægi á milli verndunar og uppbyggingar þannig að byggð í Flatey nái að þrífast um leið og staðinn er vörður um þau miklu menningarverðmæti sem í þorpinu eru. Með því er átt við að verndun þýði ekki að engu megi breyta í eldri byggð, heldur að breytingar innan verndarsvæðis skuli miða að því að styrkja þá þætti í byggðinni sem varðveislugildi hennar felst í.

Í eftirfarandi tillögu sett er fram eitt meginmarkmið fyrir Flatey sem lýsir framtíðarsýn m.t.t. samfélags og umhverfis. Til að stuðla að

framtíðarsýninni eru sett fram markmið sem snúa að tvennu; annars vegar byggingum og mannvirkjum og hins vegar minjum og landslagi. Fyrir hvort markmið eru settar fram leiðir sem annars vegar geta verið áherslur til að fylgja eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð og hins vegar verkefni, aðgerðir eða framkvæmdir sem lagt er til að ráðist verði í til að viðhalda byggð og minjum.



## *Tillaga að verndarskilmálum*

### **Framtíð í Flatey**

**Meginmarkmið:** Byggð í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir menningarverðmætum og lífríki. Vandað sé til viðhalds húsa, minja og landslags út frá varðveislugildi en um leið leitast við að styðja við samfélag eyjarinnar.

### **Markmið um byggingar og mannvirki**

Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar.

### **Markmið um minjar og landslag**

Vernda fornminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagsheilda.

Leiðir að þessum markmiðum eru settar fram í 6. kafla og er gert ráð fyrir að þær verði leiðbeinandi við skipulagsgerð og framkvæmdir innan verndarsvæðis.



## II. GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU





## INNGANGUR

---

Þessi hluti sem er greinargerð með tillögu að verndarsvæði, skiptist í eftirfarandi kafla:

1. Svæðislýsing: Lýsing á því svæði sem lagt er til að verði afmarkað sem verndarsvæði í byggð. Fyrst er fjallað um þá landslagsheild sem Flatey er hluti af, þ.e. Breiðafjörð. Síðan er helstu einkennum Flateyjar sjálfrar lýst.
2. Saga byggðar: Stutt yfirlit fyrir sögu Flateyjar sem hefur mótað svipmót byggðarinnar í eyjunni.
3. Minjar: Umfjöllun um þær fjölbreyttu minjar sem hafa verið skráðar í Flatey og endurspegla merka sögu Flateyjar og Breiðafjarðar, minjar sem tengjast m.a. búskap, þéttbýli, sjósókn, verslun og ræktun.
4. Svipmót byggðar: Greining a svipmóti byggðar. Umfjöllun byggir á byggða- og húsakönnun.
5. Varðveislumat: Gerð grein fyrir niðurstöðum mats á varðveislugildi byggðarinnar byggt á mati á listrænu, menningarsögulegu, umhverfislegu og upprunalegu gildi hennar.
6. Uppbygging og vernd: Framsetning tillögu að stefnumörkun fyrir verndarsvæði í byggð sem stuðlar að því að varðveita það sem gefur byggðinni gildi og styrkir einkennandi svipmót og yfirbragð hennar.

---

13 Breiðafjarðarnefnd, 2014.

## 1. SVÆÐISLÝSING

---

### *Breiðafjörður*

Breiðafjörður liggur milli Snæfellsness og Vestfjarðakjálkans. Innri hluti hans nýtur sérstakar verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg (einnig kallað Vallnabjarg) að háhryggsunnanverðu.<sup>13</sup>

Í Verndaráætlun Breiðafjarðar segir um sérstöðu Breiðafjarðar: „*Eyjaklasinn á Breiðafirði er einstakur á Íslandi og ekkert svæði sambærilegt. Svæðið er einnig sérstakt á heimsvísu. Vernd svæðisins er einkum tilkomin vegna sérstaks landslags, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja. Náttúrufar svæðisins er sérlega fjölbreytt og auðugt en svæðið er einnig þekkt fyrir sérstæðan hlunnindabúskap og menningarminjar tengdar honum*“.<sup>14</sup>

14 Breiðafjarðarnefnd, 2014.





**Mynd 4. Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar<sup>15</sup>**

Landslagið og sjávarföllin mynda í sameiningu mikið sjónarspil þar sem straumar um þröng eyjasund geta verið eins og stórfjót á að horfa.<sup>16</sup>

Fjörðurinn er umkringdur fjöllum á þrjá vegu en margir firðir ganga inn úr honum, þeirra stærstur Hvammsfjörður í austurátt. Við vogskorna ströndina er undirlendi fremur lítið en þar eru sveitabýli og nokkrir byggðakjarnar, en þeir eru taldir réttisælis um fjörðinn: Reykhólar, Búðardalur, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Rif og Hellissandur.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> Breiðafjarðarnefnd, 2014.

<sup>16</sup> Breiðafjarðarnefnd, 2014.

<sup>17</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Lífríki Breiðafjarðar er sérstakt, auðugt og fjölbreytt. Grunnsævið skapar góðar aðstæður fyrir sjávardýr, fiskgengd var mikil í Breiðafirði um aldir og þar er fjölbreytt fuglalíf. Gróðurfar eyjanna er gróskumikið en fjölbreytni gróðurs er mismunandi milli eyja. Á eyjum næst landi er gróðurfar fjölbreytt og svipað því sem gerist á nærliggjandi ströndum en á eyjum utar á firðinum er gróðurfar fábreyttara.<sup>18</sup>

Jarðvegur er víðast grunnur, vatnsskortur er víða vandamál og neysluvatn er helst að finna í mýrum stærstu eyjanna. Auk fiskveiða og hefðbundins búskapar nýttu Breiðfirðingar ýmis hlunnindi, m.a. söl, skelfisk, sel, dún, fugl og egg, og nýta enn þann dag í dag þó í minna mæli sé en áður.<sup>19</sup>

Með tilliti til sérstöðu Breiðafjarðar er með Verndaráætlun Breiðafjarðar lögð áhersla á að vernda og viðhalda eftirfarandi:

- Landslag og landslagsheildir.
  - Einstakar jarðmyndanir.
  - Hverir í fjörum.
- Fundarstaðir sjaldgæfra bergtegunda.
- Svæði innan verndarsvæðisins þar sem finna má óvenjulega mikið lífmagn, fjölbreytileika lífvera og/eða búsvæði sjaldgæfra tegunda.
- Einstakar tegundir lífvera sem eru:
  - Undirstaða í fæðukeðju.
  - Ábyrgðartegundir Íslendinga.
  - Sjaldgæfar tegundir á lands- og/eða heimsvísu.
- Menningarminjar.

<sup>18</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.


<sup>19</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

- Uppistandandi hús. Varðveislumat við gerð húsakannana er forsenda fyrir ákvörðun um hvaða hús sé æskilegt að vernda.
- Menningarminjar í hættu. Fornleifaskráning er forsenda fyrir því að hægt sé að meta hvort minjar séu í hættu eða ei.
- Örnefni. Skráning örnefna á sjó og landi er forsenda fyrir því að hægt sé að varðveita þau.<sup>20</sup>

### Flatey

Flatey er á norðanverðum Breiðafirði og telst til svonefndra Vestureyja, víðáttumikillar eyja- og skerjabyrpingar, með um 600 grasivaxnar eyjar auk fjölda skerja. Grunnssævi er nánast á öllu svæðinu sem Vestureyjar ná yfir með víðlendum fjörusvæðum, skerjafákum, stökum skerjum, blinnskerjum og boðum.<sup>21</sup>

Austurhluti Flateyjar var friðlýstur árið 1975 vegna fuglaverndar. Náttúrfegurð eyjarinnar er mikil og fuglalíf óvenju fjölskrúðugt. Friðlandið nær yfir austurhluta eyjarinnar ásamt eyjum og hölmum sunnan við Flatey.<sup>22</sup>



**Mynd 5. Flatey og nálægar eyjar. Kort frá Landmælingum Íslands<sup>23</sup>**

<sup>20</sup> Breiðafjarðarnefnd, 2014.

<sup>21</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>22</sup> Landmótun, 2008.

<sup>23</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Náttúruverndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í að svæðið er búsvæði og varpsvæði mikilvægra fuglastofna á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. sjaldgæfra varpfugla á Íslandi og fugla sem eru á válista Alþjóða Náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Í friðlandinu er einstaklega fjölbreytt fuglalíf og þar er varpsvæði þórshana sem er sjaldgæfur fugl á landsvísu og er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í hættu. Einnig verpa þar ábyrgðartegundir Íslendinga, s.s. kría og lundi. Þá er mikið æðarvarp innan marka friðlandsins. Á svæðinu eru miklar leirur með fjölbreyttu lífríki sem eru mikilvægar til fæðuöflunar fyrir margar tegundir fugla. Vísindalegt gildi svæðisins er mjög hátt og er fuglalíf vaktað og rannsakað þar reglulega.<sup>24</sup>

Flatey sem er stærst Vestureyja er flatlend eins og nafnið gefur til kynna. Um miðbik hennar að endilöngu gengur 10-12 m hár hryggur og hallar landi niður að ströndinni að sunnan og norðan. Eyjan er um 1850 m að lengd og breiðust um 400 m. Suður af hryggnum er landið að mestu jafnt með ávöllum halla fyrir hana miðja. Þar eru aðaltún Flateyjar. Norðan við háhrygg eyjarinnar liggja mýrarsund samhliða honum en aðrir lægri hryggir sem verða að klárum klettabökkum við norðurströnd hennar. Austan við miðja ey breikkar háryggurinn og breiðir úr sér þannig að hann tekur þvert yfir eyna og verður hún þar nokkuð jafnhá milli stranda. Þar heitir Lundaberg og var þar gerð braut fyrir litlar flugvélar um 1960. Þegar inn fyrir Lundaberg kemur hækkar landið aftur og við tekur austasti hluti eyjarinnar. Hann teygist í suðaustur og síðan suður frá aðaleyinni, er nálægt því að vera sjálfstæð eyja og nefnist Eyjarendi. Mjósund heita þar sem Eyjarendinn

---

<sup>24</sup> Af vef Umhverfisstofnunar

<sup>25</sup> Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen, 1989.

tengist aðaleyinni með lágum hálsi eða eiði. Á Eyjarendanum voru ræktuð allstór tún um 1970 og þar eru leifar af gömlum nátthaga.<sup>25</sup>

Frá Eyjarenda liggur til útsuðurs og samhliða heimaeyinni hólma- og eyjarani sem kallast Heimalönd og verður þar gengt. Þar eru Akurey, Langey, Máfeyjar og margir smærri hólmar. Heimalöndin teygja sig lengra til vesturs en Flatey sjálf og mynda þau stóran vog meðfram endilangri suðurhlið hennar. Kallast hann Hólsbúðarvogur en eldra nafn hans var Flateyjarvogur. Hann opnast mót hafi en allstórt sker sem heitir Hjallasker er fyrir miðju vogsmynni og dregur úr sjógangi í hafátt. Vesturendi Flateyjar nefnist Tröllendi og liggur suðurhlið hans að vognum. Þar var á sínum tíma byggð hafskipabryggja og frystihús. Nokkru innar á vognum liggur röð af skerjum þvert yfir hann og skiptir vognum í tvo hluta, Þrísker og Svartbakkasker. Milli þeirra að austan, Heimalanda að sunnan, Hjallaskers að vestan og Tröllenda að norðan, er hreint, sæmilega djúpt, rúmgott og hringmyndað lón sem er ytri hluti Hólsbúðarvogs. Þar er áðurnefnd bryggja og allgóð höfn en ókyrrt verður þar þó í hvassri vestanátt. Siglingaleið er inn á voginn beggja megin við Hjallasker. Innan við Þrísker grynast Hólsbúðarvogur og innsti hluti hans þornar um stórar fjörur. Við voginn eru nokkrar varir og uppsátur á sunnanverðri Flatey frá gamalli tíð.<sup>26</sup>


<sup>26</sup> Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen, 1989.



Norðurhlið Flateyjar er nokkuð bein utan frá Tröllenda inn fyrir Lundaberg og er það um einn og hálfur km. Þar eru víðast lágir klettabakkar með grýttri fjöru fyrir fram. Á þeirri leið miðri er þó strandlengjan rofin af tveimur vogum sem gang inn í eyna frá norðvestri. Eru það Teinæringsvogur vestar og Grýluvogur. Milli þeirra er tangi og fram af honum bryggjusker. Fram í það fjarar og við vissa sjávarhæð myndast vogur milli þess og tangans sem kallast Kerlingarvogur. Teinæringsvogur er illa varinn fyrir utan átt en lending er þar góð og rúmgott uppsátur. Í áður nefndum tanga norðan hans segja heimildir að verið hafi „mikil byggð“ og hétu þar Vesturbúðir. Í skarði norðan í tanganum, og hallandi sandfjöru fram af því, er Vesturbúðavör og liggur leiðin upp í hana með Bryggjuskeri austanverðu. Hlífir það henni nokkuð fyrir utanátt, ásamt hlaðinni grjótbryggju.<sup>27</sup>

Grýluvogur liggur til austurs frá Bryggjuskeri og Vesturbúðarvör. Honum er lokað með honum nafnkunna Silfurgarði og er algerlega öruggur geymslustaður fyrir marga smábáta. Eldri nöfn á Grýluvogi eru Munaðarvogur og Ferjuvogur. Fyrir botni Grýluvogs og á tanganum norðan hans er gamla „kaupþorgið“ eða verslunarplássið sem í daglegu tali nefnist einfaldlega „Plássið“.<sup>28</sup>

Við Voginn standa verslunar- og íbúðarhús frá blómatíma Flateyjar í verslun og útgerð á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Bak við Plássið er allstór mýri, Skansmýri, en norðan hennar liggja sjávarbakkarnir áfram í átt að Lundabergi. Umhverfis mestalla mýrina standa íbúðarhús, flest yngri og minni um sig en húsin í Plássinu.<sup>29</sup>



<sup>27</sup> Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen, 1989.

<sup>28</sup> Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen, 1989.

<sup>29</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

### **Mynd 6. Kort Samúels Eggertssonar af Flateyjarþorpinu 1906<sup>30</sup>**

Úti fyrir Flatey norðan við verslunarplássíð og fyrrnefndar bryggjur er Hafnarey, skeifulaga klettaeyja sem umlykur lygnan poll, Flateyjarhöfn eða Höfn. Án hennar hefði Flatey tæplega orðið miðstöð verslunar og útgerðar á Breiðafirði. Þar gátu kaupför legið við festar í öruggri höfn og í góðu skjóli fyrir öllum áttum nema í verstu vestanátt þegar gefið getur yfir rif á milli vesturhluta Hafnareyjar og Hafnarhólma.<sup>31</sup>

Sundið á milli Flateyjar og Hafnareyjar kallast Hafnarsund og þar er straumur þyngri en í öðrum Vestureyjasundum. Staðhættir við Flatey norðanverða voru ákjósanlegir fyrir útgerð og verslun og réðu úrslitum um að Flatey varð verslunarstaður og að verslunarhúsum var valinn staður á ströndinni sunnan Hafnareyjar.<sup>32</sup>

Flatey er eina eyjan á Breiðafirði þar sem enn er heilsársbúseta. Byggðin lifnar við á sumrin og eru húsin að mestu leyti sumardvalarstaðir húseigenda. Ferjan Baldur gengur frá Stykkishólmi til Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Hún siglir daglega allt árið. Baldur leggur að við Tröllenda en þaðan liggur akvegur að þorpinu. Vegurinn liggur í gegnum þorpið.

### *Þorpið í Flatey*

Búsetu í Flatey má rekja aftur til landnáms en segja má að þorpið í dag endurspegli áhugaverða verslunar- og byggingarsögu Breiðafjarðar.

Þorpið sem nú er eitt helsta einkenni Flateyjar, býr yfir sérstökum gæðum sem eru bundin umhverfi húsanna, þorpinu sem heild og einstökum húsum. Þorpshúsin 40 mynda þyrpingu með fjölbreyttu bæjarmynstri.

Nánar er fjallað um þorpið í greiningu á svipmóti byggðarinnar í kafla 6.<sup>33</sup>

---

<sup>30</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>31</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>32</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>33</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



Mynd 7. Þéttbýlið í Flatey og byggingar á Bókhúsaflöt



## 2. SAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR

Á öldum áður var talsverð byggð í mörgum af eyjum Breiðafjarðar en nú er svo komið að allar eyjarnar eru fallnar í eyði nema Flatey enda mikil hlunnindajörð og landgæði þar mjög góð. Að öllum líkindum hefur Flatey verið þungamiðja gamla Flateyjarhrepps og Breiðafjarðar allt frá fyrstu öldum byggðar. Eyjan á sér því langa og merka sögu.<sup>34</sup>

Í Flatey er enn búið árið um kring og eru að auki fjölmörg hús í eyjunni í notkun yfir sumartímann auk þess sem þangað liggur talsverður straumur ferðamanna. Því eru enn mikil umsvif í eyjunni, sér í lagi yfir sumarmánuðina.<sup>35</sup>

Eyjan á sér langa og merka sögu og þó að búseta í Flatey sé rakin aftur til landnáms verður hér, líkt og í byggða- og húsakönnun í Flatey í Breiðafirði, áhersla á verslunar- og byggingarsöguna sem þorpið í Flatey endurspeglar í dag.

Landkostir hafa löngum þótt góðir í Flatey; jarðvegur frjósamur, lítil snjóalög, fjörubeit örugg og gnægð fiskjar, sels, fugla og eggja. Samkvæmt Landnámu nam Þrándur mjóbeinn Vestureyjar og bjó í Flatey. Fyrstu aldirnar var öll byggð í Flatey á eyjunni miðri, en hún færðist svo að höfninni með aukinn verslun.<sup>36</sup>

Í niðurstöðum fornleifaskráningar kemur fram að merki um elstu byggðina eru á háeyjunni og þar sunnan við, þar sem í dag eru kirkjugarðurinn, kirkjan, bókhlaðan og Klausturhólar. Þar eru jafnframt minjar um eldri byggð sem í dag er horfin s.s. gamla bæjarstæði Miðbæjar auk fleiri húsa í

hallanum til suðurs. Miðbær stóð fast austan við kirkjugarðinn, á hæsta punkti Flateyjar en vestan við núverandi kirkju. Þarna í kring hefur enn verið byggðaklasi býlis og útihúsa um 1900.<sup>37</sup>

Klaustur var sett í Flatey 1172 og stóð til 1184 á Klausturhólum en einu sjáanlegu minjar um það er Klaustursteinn, sem í er klappaður bolli sem vígt vatn var haft í.<sup>15</sup> Kirkja var fyrst reist í Flatey á öndverðri 11. öld, en það var stór torfkirkja með torfþaki sem stóð innan í gamla kirkjugarðinum. Nýja kirkjan sem nú stendur í Flatey var byggð árið 1926 og var þá færð út fyrir kirkjugarðinn.<sup>38</sup>

<sup>34</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>35</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>36</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>37</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>38</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.



### **Mynd 8. Miðsvæði eyjunnar þar sem elstu minjar um byggð er að finna**

Samkvæmt manntölum bjuggu 106 manns í Flatey í byrjun átjándu aldar en 81 í byrjun þeirrar nítjándu. Um miðja þá öld, þegar verslun í Flatey stóð í miklum blóma, bjuggu svo 143 manns í Flatey og svipuð íbúatala hélst út 19. öldina.<sup>39</sup>

### *Myndun þéttbýlis*

<sup>39</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>40</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>41</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Byggðin í þorpínu, sem nú er eitt helsta einkenni Flateyjar, þéttist ekki að ráði fyrir en á 19. öld en áður var þar verslunarstaður. Lítil þryði þótti að þessu nýja plássi til að byrja með og margir söknuðu gömlu þungamiðju byggðarinnar.<sup>40</sup>


Á síðari hluta 15. aldar varð Flatey ein af miðstöðvum enskra duggara, en síðar Hansakaupmanna sem versluðu að líkindum í Flatey meginhluta 16. aldar. Árið 1602 lagðist Flatey af sem verslunarhöfn og stóð svo fram til 1777 þó að einhver skip hafi komið þangað í verslunarerindum.<sup>41</sup>

Stjórn konungsverslunarinnar féllst á að endurvekja Flatey sem verslunarstað árið 1777 eftir könnun á höfninni í Hafnarey, sem þótti góð hafnaraðstaða. Flatey þótti jafnframt þjóna vel hagsmunum íbúa við Breiðafjörð og bjóða upp á nægt land fyrir verslunarhús. Þá um vorið sendi konungsverslunin skip til Flateyjar með efni í verslunarhús og var það reist um sumarið.<sup>42</sup>

Fyrstu árin gekk verslunin brösuglega en eftir að reyndur verslunarmaður, Pétur Andreas Kúld, hóf að stýra henni fór verslunarreksturinn að ganga sem skyldi. Annað verslunarhús var byggt, sem síðar var kallað Svartapakkhús. Pétur og síðar sonur hans Eiríkur ráku verslun í Flatey til 1815. Út 19. öldina og fram á þá 20. ráku ýmsir kaupmenn verslun í Flatey og fyrir tilstilli þeirra risu fleiri timburhús í þorpínu sem mörg eru horfin en sum hver standa enn í dag.<sup>43</sup>

<sup>42</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>43</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.



**Mynd 9. Verslunarstaðurinn í Flatey árið 1818<sup>44</sup>**

Árið 1818 kom út í Kaupmannahöfn lóðsbók fyrir Ísland, en í henni er m.a. að finna teikningu af Flatey (sjá mynd 9). Myndin sýnir hús við Grýluvog og skip í höfninni í Hafnarey. Stærst húsanna er Gamlhús sem byggt var 1777, með reykháf og litla viðbyggingu við vesturstafn. Austur af því sést lítið hús með toppmyndað þak og umhverfis það virðist vera trégirðing. Norðan við Gamlhús eru tvö hús og er reykháfur á öðru þeirra og er það líklegast krambúðin frá 1779. Austan við það sést þriðja húsið óljóst en húsið að vestanverðu er sennilega pakkhús. Skipið í höfninni er við legufæri og efst uppi á eyjunni er lítið hús eða mannvirki og er nærtækt að ætla að þaðan hafi verið fylgst með skipakomum. Verslunarhúsið sem kallað var Gamlhús skemmdist í bruna 1899 og var rífið 1907.<sup>45</sup>

<sup>44</sup> Löwenörn, Poul de, 1818.

<sup>45</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Fram kemur í byggða- og húsakönnun að rúmum tveimur áratugum síðar, 1840 samdi Ólafur Sivertsen, prestur í Flatey lýsingu á verslunarstaðnum. Þar kemur fram að af lýsingu Ólafs má gera ráð fyrir því að timburhúsin fjögur, sem hann getur um í verslunarstaðnum, séu þau sömu og teikningin frá 1818 sýnir. Mikilvæg framför hefur orðið í fiskveiðum; þilskipaúttgerð er hafin og Silfurgarðurinn verið hlaðinn fyrir Grýluvog. Íbúum í þorpinu hefur fjölgað og hafa hinir nýju íbúar byggt sér torfhús.<sup>46</sup>



**Mynd 10. Húsin við verslunarstaðinn við Grýluvog um árið 1870. Öll húsin eru nú horfin nema Hermannshús sem er yst til hægri<sup>47</sup>**

<sup>46</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>47</sup> Þjms. Sigfús Eymundsson.



Guðmundur L. Hafsteinsson tekur fram í byggða- og húsakönnun (2006) að fyrir botni Grýluvogs og á tanganum, Plássinu eða Kaupborginu, voru þrýðilegar aðstæður til að byggja nauðsynleg hús fyrir verslunina; pakkhús, sölubúð og íbúðarhús. Aðstæður í landi settu þó byggðinni ákveðnar skorður. Landrými var takmarkað vegna mýrlendis á milli hamrabeltanna, sunnan við byggðina – Brekku – og við ströndina að norðanverðu – Norðurbakka eða Bakka. Um miðja 19. öld var byggðin farin að teygja sig austur eftir Bökkunum og austur með Brekku þar sem land var þurrara. Skansmýri, og einnig Innstabæjarmýri austan hennar, settu því þróun byggðarinnar ákveðin takmörk en voru hins vegar nauðsynlegar vegna vatnsöflunar.<sup>48</sup>

### *Núverandi byggð*

Nýtt timburhús var byggt í þorpinu árið 1843, Hermannshús, og svo viðbygging við austurstafn þess, Gunnlaughshús árið 1851.



**Mynd 11. Félagshús; Hermannshús (brúnt) og Gunnlaughshús (gult)**

Þessi tvö hús, einnig kölluð Félagshús, eru elstu húsin í Flatey.

Þau hús sem byggð voru í þorpinu fram til 1906 og enn standa eru þessi:

- Félagshús 1843 og 1851
- Bentshús 1871
- Bjarg 1879 (nýtt hús með sama útliti og gamla húsið, byggt 1996)
- Eyjólfshús 1885
- Vogur 1885
- Vorsalir 1895
- Vertshús 1886
- Eyjólfspakkhús um 1870-1880
- Samkomuhúsið um 1880-1890

<sup>48</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Þá hefur eitt hús varðveist annarsstaðar sem upphaflega var byggt úti í Flatey. Það er Kúldshús sem reist var niður við sjó suður frá kirkjugarðinum árið 1848, en hefur síðan verið flutt víða og er núna á Stykkishólmi.<sup>49</sup>

Flateyjar-framfarastiftunin svokölluð var stofnuð í Flatey árið 1833 af Ólafi Sívertsen prófasti í Hólsbúð og konu hans Jóhönnu Friðriku Eyjólfsdóttur. Þau ráku jafnframt heimaskóla í um 20 ár og búnaðarskóla í tvö til þrjú ár og Framfarastofnunin lét reisa Bókhlaðuna í Flatey árið 1864.<sup>50</sup>




**Mynd 12. Bókhlaðan í Flatey, byggð 1864**

<sup>49</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>50</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Samúel Eggertsson skrautritari mældi og teiknaði Flatey árið 1906, þar á meðal kort af þorpinu og nánasta umhverfi þessi, sjá mynd 13. Á kortunum eru timburhús merkt með rauðum lit en torfhús með svörtum.<sup>51</sup>



**Mynd 13. Hluti af korti Samúels Eggertssonar af Flateyjarþorpi frá árinu 1906. Rauðlituð hús tákna timburhús en svartlituð torfhús<sup>52</sup>**

Sjá má á kortinu að byggðin í þorpinu var þéttari en nú er; lítil hús stóðu á milli Félagshúss og Gamalhúss, þar sem Ásgarður var byggður 1907, og fimm smáhýsi eru á bakkanum næst höfninni norðan við Samkomuhúsið og Saltkjallarann sem Stórapakkhús var síðar byggt ofan á. Svartapakkhús stóð austur af Samkomuhúsinu og vestan við Bentshús voru geymsluhús. Vestast

<sup>51</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>52</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

þeirra var Hafnarskemman, einnig kallað Gamla Kaupfélagið, en í því húsi hóf Kaupfélag Flateyjar starfsemi sína. Meiri breyting hefur þó orðið á byggðinni við Skansmýri. Torfhúsin sem stóðu umhverfis mýrina eru öll horfin og í stað þeirra hafa síðar verið byggð timburhús og tvö steinsteypt hús. Í seinni tíð hafa þó verið byggð tvö torfhús, annað þeirra er dæluhús austarlega í Skansmýri vestan við Skólann og hitt er geymsluhús rétt austan við Gunnlaugshús.<sup>53</sup>



**Mynd 14. Flateyjarþorp um aldamótin 1900<sup>54</sup>**

Flateyjarkort Samúels Eggertssonar frá 1906 sýnir vel hversu mjög landnýting tók mið af náttúrufari. Þorpið er á tanganum og þurrlendinu næst hinni náttúrulegu höfn og í krikanum austan Skansmýrar og norðan

<sup>53</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>54</sup> Þjms. Arnór Egilsson. *AE5*.

Innstabæjarmýrar eru matjurtargarðar þorpsbúa. Tún eru á háhrygg og suðurhluta Flateyjar og úthagar á suður- og norðurenda eyjarinnar.<sup>55</sup>

Þegar áform voru uppi um stórfellda atvinnuuppbygginu í Flatey um miðja 20. öld – útgerð og frystihús – varð ljóst að aðstæður á eyjunni norðanverðri gátu ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til hafnargerðar og landrýmis. Var ný höfn og frystihús byggð á Tröllenda á vesturenda eyjarinnar að sunnanverðu og hafin bygging íbúðarhúsa á hryggnum austan við Tröllenda. Þessar áætlanir runnu út í sandinn m.a. vegna þess að fiskur hvarf af grunnslóð.<sup>56</sup>

<sup>55</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>56</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



### 3. MINJAR

Í fornleifaskrá fyrir Flatey frá árinu 2016 kemur fram að Flatey er merkilegur staður út frá menningarsögulegu sjónarhorni. Þar hefur verið þéttbýli um langt skeið og eyjan er einkum þekkt fyrir vel varðveitta heild gamalla húsa í þorpinu. Húsin og náttúran eru kjarninn í upplifun flestra gesta sem heimsækja eyjuna og bætir fornleifaskráning miklu við þekkingu og skilning á þróun byggðar í eyjunni og sögulegri dýpt í landslagi og umhverfi bæja.<sup>57</sup>



**Mynd 15. Elsta bæjarstæðið í Flatey, austan Kirkjugarðs<sup>25</sup>**

Í fornleifaskránni eru 279 minjar skráðar í Flatey. Í niðurstöðum hennar kemur fram að óvenju margar þeirra minja sem skráðar voru í Flatey eru bæjarstæði eða býli, alls 52 talsins. Þetta helgast fyrst og fremst af þéttleika byggðarinnar. Bæði voru skráð gömul bæjarstæði, til dæmis bæjarstæðið sem gjarnan er talið hið elsta í Flatey austan við kirkjugarðinn en einnig

<sup>57</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>58</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

fjöldi annarra sem voru í byggð um lengri eða skemmri tíma á ýmsum tímasteiðum. Á nokkrum staðanna stóðu bæir úr torfi og grjóti en óvissa ríkir um staðsetningu nokkurra bæja.<sup>58</sup>

Annars konar minjar í Flatey eru af ýmsum toga sem tengjast siglingum, útgerð og verslun og eru í fornleifaskráningu nefnd sem dæmi varir, bryggjur, lendingar, leiðarmerki (vörður) o.fl. en einnig minjar sem tengjast skepnuhaldi þótt ekki séu þær margar ef miðað er við fjölda býla. Í Flatey eru þó skráð fjárhús og fleiri útihús og að heimild sé um einn stekk þar sem væntanlega hefur verið stíað sundur ám og lömbum.<sup>59</sup>

Ummerki eru um allmarga kálgarða og benda heimildir, eins og kort Samúels Eggertssonar frá 1906, og umfang garðanna til þess að ræktun, væntanlega einkum á kartöflum og hugsanlega rófum, hefur verið mikilvæg fyrir afkomu eyjarskeggja.<sup>60</sup>

Í lokaorðum fornleifaskráningar kemur fram að í Flatey eru að finna einkar fjölbreyttar minjar á afmörkuðu svæði s.s. búskap, þéttbýli, sjósókn, verslun og ræktun sem endurspeglar merka sögu Flateyjar og Breiðafjarðar.

<sup>59</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

<sup>60</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.



**Mynd 16. Helstu minjar sem tengjast lendingum og bryggjum norðan til á eyjunni<sup>61</sup>**

<sup>61</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

Á yfirlitskortu á mynd 17 úr fornleifaskráningu af þorpinu má sjá að á þessu svæði eru húsin allsráðandi og tiltölulega litlar leifar annars konar sjást eða eldri minja nema þá helst steypuleifar eða grunnar af margs konar viðbyggingum og skúrum en ljóst er að eldri minjar hafa í flestum tilfellum lent undir húsbyggingum. Helst mætti nefna kálgarðaleifar og torf- og grjóthlaðnar tóftir austast í þorpinu og skammt austan við það.



**Mynd 17. Yfirlitsmynd úr fornleifaskráningu af þorpinu<sup>62</sup>**

Þótt heimildir geti um marga brunna á svæðinu sjást nú litlar sem engar leifar af þeim. Hér má þó sérstaklega geta um beðasléttur sem sjást í gömlum á tveimur túnum í jaðri þorpsins, að líkindum frá 19. öld. Mannvirki sem tengjast skipaferðum (sjósókn/aðflutningum) setja mjög svip sinn á

<sup>62</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

strandlengjuna við þorpið en þar sjást bæði leifar af nokkrum bryggjum og vörum. Þekktust þessara minja er vafalítið Silfurgarðurinn sem enn ber mikið á þvert yfir mynni Grýluvogs<sup>63</sup>.

---

<sup>63</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.



## 4. GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐARINNAR

### *Um greininguna*

Hér er gerð grein fyrir helstu atriðum sem koma fram um svipmót byggðarinnar í Flatey í byggða- og húsakönnun Flateyjar frá 2006. Í könnuninni voru sérkenni þorpsins greind út eftirfarandi þáttum: Bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalgatnakerfi, áberandi byggingum, kennileitum, göturými, torgrýmum eða öðrum opnum svæðum.<sup>64</sup>

Byggðarmynstrið verður til úr því sem byggt er og rýmisins þar á milli (byggingar og götur), stærðar reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Þannig getur hver bær, bæjarhluti eða reitur haft mismunandi bæjarmynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.<sup>65</sup>

Fjallað er um húsin með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og sjónlist bæjarins. Umfjöllunin tekur til samstæðna húsa, göturýma eða einstakra húsa sem eru sérstaklega áberandi vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti.<sup>66</sup>

### *Húsabyrpingar*

Þó svo að í Flateyjarþorpi og suður á Bókhúsflöt séu aðeins um 40 hús þegar allt er meðtalið þá ná þau að mynda fjölbreytt bæjarmynstur eða þyrpingar

húsa. Skipta má svæðinu upp í nokkur meginsvæði eftir sérkennum þeirra, sjá einnig mynd 18.<sup>67</sup>

Húsin fyrir botni Þýskuvarar og Grýluvogs að Götuskarði. Samkomuhúsið, Vorsalir, Ásgarður, Vogur, Pakkhúsið, Hermannshús og Gunnlaugshús.

Húsabyrpinguna í Plássinu: Vogur, Ásgarður, Vorsalir, Samkomuhúsið, Stórapakkhús, Eyjólfshús og Eyjólfspakkhús.

Götulæg hús meðfram Vertshússtíg á Bökkum eða Norðurbökkum. Bentshús, Vinaminni, Vertshús, Myllustaðir, Strýta, Bjarg og Einarshús.

Þrjú hús austan við Skansmýri: Sólheimar, Skólinn og Alheimur, ólík að formi og gerð og sitja mishátt í landslagi, en afmarka byggðina til austurs.

Þyrping fjögurra húsa sunnan við Skansmýri. Bræðraminni, Bogabúð, Berg og Vegamót (bæta mætti Hafliðaskemmu við þessa upptalningu).

Sunnan við þorpið eru fimm hús sem hafa mikil áhrif á ásýnd þorpsins og mynda ytri afmörkun þess til suðurs. Þessi hús eru Sólbakki á Bökkum, Sunnuhvoll á Brekku og fjær Flateyjarkirkja og Bókhlaðan á Bókhúsflöt og Klausturhólar.

<sup>64</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>65</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>66</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>67</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.




**Mynd 18. Húsabyrpingar mynda fjölbreytt bæjarmynstur þorpsins<sup>68</sup>**

<sup>68</sup> Guðmundur L. Hafsteinnsson, 2006.

## Aldur bygginga


Elsta húsið í Flatey er Hermannshús, byggt árið 1833. Mynd 19 sýnir byggingartímabil húsa innan svæðisins.



**Mynd 19. Byggingartímabil húsa í þorpinu í Flatey<sup>69</sup>**

Öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára og eldri eru friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (merkt með gulum lit á mynd 20).

<sup>69</sup> Byggt á korti úr byggðar- og húskönnun frá árinu 2006. Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 20. Myndin sýnir aldur húsa<sup>70</sup>**

<sup>70</sup> Byggt á mynd 19, úr byggðar- og húskönnun eftir Guðmund L. Hafsteinsson. Tekið er fram að ekkert húsanna á myndinni var byggt árið 2019.



Auk þess eru þrjú hús í Flatey friðlýst; Bókhlaðan, Klausturhólar og Félagshús, sjá skjáskot úr minjagátt Minjastofnunar (13. nóv. 2018), en þau falla öll innan þess svæðis sem lagt er til að verði gert að verndarsvæði í byggð.<sup>71</sup>



Mynd 21. Friðlýst hús eru hér merkt með gulum lit<sup>72</sup>

<sup>71</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>72</sup> Skjáskot af vef Minjastofnunar, sótt 13. nóvember 2018.

### *Efni, stefna og afstaða húsa*

Nánast öll húsin innan svæðisins eru timburhús. Húsin sem eru næst Kaupborgi eru stærst og er mest í þau lagt úr frá byggingarlistarlegu sjónarmiði.<sup>73</sup>

Húsin eru öll klædd listapili nema tvö, Ásgarður og Eyjólfshús, sem var reyndar klætt listapili í öndverðu. Til viðbótar eru tvö hús við Vertshússtíg svipuð að stærð; Bentshús og Vertshús og mætti nefna til viðbótar Myllustaði. Önnur hús, þ.e.a.s. við Skansmýri, eru minni og látlausari.<sup>74</sup>

Mænisstefna flest allra húsa í þorpinu er því sem næst austur-vestur.

Einkennandi er fyrir innbyrðis afstöðu húsanna að þau standa ekki í beinni línu hvort við annað nema sambyggðu húsin; Félagshús og Samkomuhúsið og Stórapakkhús. Það vekur því athygli að eitt yngsta húsið í þorpinu, Myllustaðir sem byggt er samkvæmt deiliskipulagi, hafi verið sett niður í beinni línu við Vertshúsið.<sup>75</sup>

Gróflaga má skipta húsum í þorpinu í tvo flokka eftir byggingartíma, stærð og byggingarlistarlegum sérkennum. Húsin við Kaupborg auk Gunnlaugshúss og Hermannshúss við Götuskarð og Bentshúss, Vertshúss og Bjargs við Vertshússtíg, falla í fyrri flokkinn. Þessi hús eru öll byggð fyrir 1908 nema Stórapakkhús, og eru klædd listapili nema Eyjólfshús, Ásgarður, Bentshús og Vertshús. Þau eru stærri og vandaðri en húsin sem skipa má í seinni flokkinn. Þetta eru hús kaupmanna og fyrirfólks, verslunarhús og pakkhús. Í þennan flokk má einnig bæta Bókhlöðunni og Klausturhólum.<sup>76</sup>

<sup>73</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>74</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>75</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.




**Mynd 22. Reisuleg hús í Plássinu<sup>77</sup>**

Í seinni flokkinn falla húsin við Vertshússtíg austan Myllustaða, og austan og sunnan Skansmýrar. Þetta eru frekar lítil hús að grunnfleti, mörg portbyggð og klædd að utan á margvíslegan hátt. Þetta eru hús alþýðunnar byggð á þremur fyrstu áratugum 20. aldar og hafa flest verið byggð í stað torfhúsa sem stóðu á sömu lóðum.<sup>78</sup>

<sup>76</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>77</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>78</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



Mynd 23. Efni húsa í Flatey<sup>79</sup>

<sup>79</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



Skólinn og Flateyjarkirkja skera sig út hvað varðar efnisval. Bæði þessi hús eru steinsteypt og vandað til hönnunar þeirra og frágangs.



**Mynd 24. Flateyjarkirkja**

### *Götumynstur í þorpinu*

Torg- og göturými í þorpinu eru mörg og fjölbreytt auk áhugaverðra sjónlína á milli húsa þvert í gegnum byggðina.

---

<sup>80</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 25. Vegur í gegnum þorpið**

Torgrymi, Kauptorg, er á milli húsanna í Plássinu en ásýnd þess og Grýluvogs tekur sífelldum breytingum í takt við sjávarföll í vöginum. Þetta rými afmarkast af húsunum við Kauptorg, Silfurgarði og Bakka til suðurs.<sup>80</sup>



**Mynd 26. Rými milli húsanna í Plássinu**



**Mynd 27. Plássid við Grýluvog**





**Mynd 28. Þýskavör og sjávarhlið húsa í Plássinu<sup>81</sup>**

Annað torg eða bæjarrými er á milli húsanna við Skansmýri. Nú á tímum er umferð um þetta stóra opna rými takmörkuð við stígana í útjaðri þess en fyrrum, þegar heilsársbyggð var í fullum blóma í Flatey, var mýrin notuð sem skautasvell að vetri og stór slegin að sumri til. Höfnin í Hafnarey er mjög sérstakt rými frá náttúrunnar hendi.<sup>82</sup>

<sup>81</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>82</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 29. Húsin við Skansmýri og Hafnarey í baksýn**

Göturými eða götummyndir mynda húsin á milli Götuskarðs og Samkomuhússins, húsin við Vertshússtíg, húsaþyrpingin sunnan Skansmýrar og húsin við stíginn á milli Hermannshúss og Gunnlaugshúss og Pakkhússins og austur fyrir Hafliðaskemmu og Vegamót. Húsin austan við Skansmýri og á Brekku og Bókhúsflöt afmarka byggðina að austan og sunnan.<sup>83</sup>

<sup>83</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



Milli einstakra húsa eru einnig rými sem vert er að gefa gaum. Má þar nefna rýmið á milli Eyjólfshúss, Eyjólfspakkhúss og Stórapakkhúss og á milli Vorsala og Skansins og Samkomuhússins. Milli strandar og húsa við norðanvert Kaupborg er einnig áhugavert rými með bryggjum og lendingum og Hafnarey handan Hafnarsunds. Sama á við um rýmið norðan við húsinn við Vertshússtíg.<sup>84</sup>

Lóðir einstakra húsa eru án afmörkunar nema hvað trégirðing er í kringum Bókhöðuna og smáspildu sunnan við Ásgarð og netgirðing er um hluta lóða Alheims og Bergs.<sup>85</sup>

Akvegur er um þorpið frá Götuskarði að Kaupborgi og austur Vertshússtíg en göngustígur frá Skólanum fyrir Skansmýri að Holustíg.<sup>86</sup>



**Mynd 30. Akvegur um þorpið og Skansmýrin**

---

<sup>84</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>85</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>86</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

### *Sjónásar og kennileiti*

Áhugaverðar sjónlínur eru víða á milli húsa þvert yfir Skansmýri. Sérstaklega er bent á sjónlínur suður yfir mýrina frá Vertshússtíg þar sem húsin á Hólum sjást á milli húsanna handan við mýrina.<sup>87</sup>



**Mynd 31. Horft suður yfir Skansmýri<sup>88</sup>**

Flateyjarkirkja á miðri eyjunni er áberandi bygging, kennileiti sem sést vel að.<sup>89</sup>

<sup>87</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>88</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 32. Flateyjarkirkja, Bókhlaðan og Klausturhólar eru áberandi vegna staðsetningar á háhrygg**

<sup>89</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Relluturninn upp af Þýskuvör er enn fremur áberandi mannvirki sem hefur gildi fyrir atvinnusögu eyjarskeggja en lítið sjónrænt gildi.<sup>90</sup>



**Mynd 33. Skansinn og relluturninn**

<sup>90</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>91</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>92</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

### *Svipmót heilda utan þorpsins*

Hús utan við Þorpið eru á fjórum svæðum. Á Bókhúsflöt, við Vesturbúðarvör, Krákuvör ásamt útihúsum og íbúðar- og sumarhús við götuna upp af höfninni á Tröllenda auk pósthúss í gömlum vinnuskúr.<sup>91</sup>

Húsin á Bókhúsflöt; Bókhlaðan og Flateyjarkirkja ásamt Klausturhólum mynda varðveisluverða heild. Húsin, sem eru mismunandi að stærð og byggingarefni en svipuð að formi, sitja vel í landslagi á háhrygg eyjarinnar og sjást vel að. Tvö þeirra eru friðuð; Bókhlaðan og Klausturhólar.<sup>92</sup>

Húsin hafa einnig táknræna merkingu bæði fyrir menningarsögu og vegna staðsetningar. Þau standa í túni eyjarskeggja á mörkum þorpsbyggðarinnar á eyinni norðanverðri og túna að sunnanverðu.<sup>93</sup>

Í niðurstöðum byggða- og húskönnunar tekur höfundur fram að huga þurfi að varðveislu þessara húsa og fara mjög varlega ef farið verður í byggingarframkvæmdir í nágrenni þeirra og vegna nálægðar við þorpið. Eðlilegt væri að líta á þorpið og svæðið suður á Bókhúsflöt og vestur að Vesturbúðavör og Teinæringsvogi sem eina heild þegar hugað er að varðveislu húsa og umhverfis þeirra.<sup>94</sup>

Önnur heild, en allt annars eðlis, eru Vesturbúðir við Vesturbúðarvör; sjóhús byggt 1988, íbúðarhús og hjallur byggt 1947. Til þessarar heildar teljast nýlega byggt bátaskýli upp af Teinæringsvogi.<sup>95</sup>

Fimmta húsið, Eyjaberg byggt 1994, stendur hærra í landslagi vestast á Bökkum, sker sig út úr þessari heild vegna staðsetningar, forms og útlits.

<sup>93</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>94</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>95</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



Verulegt ósamræmi fellst þó í því að hjólhýsi hefur verið komið fyrir sunnan við Vesturbúðir.<sup>96</sup>

Við götuna upp frá höfninni og frystihúsinu, byggt 1950, standa sex hús byggð á tímabilinu frá 1940 til 1994. Fjögur þeirra standa sunnan megin við götuna en tvö norðan megin.

---

<sup>96</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

## 5. VARÐVEISLUMAT

### *Um matið*

Við gerð byggða- og húsakönnunar fyrir Flatey árið 2006 var lagt mat á varðveislugildi flestra stakra bygginga innan svæðisins, eins og sjá má á mynd 34. Þar var byggt á SAVE aðferðinni sem fellst í því að meta listrænt, menningarsögulegt, umhverfislegt og upprunalegt gildi byggðarinnar. Gerð er grein fyrir niðurstöðu þess mats hér.

Varðveislugildi húsa getur verið mjög mismunandi eftir því hvort litið er til mikilvægis húss fyrir umhverfi þess eða til varðveislusjónarmiða með tilliti til menningarverðmæta. Við bæjar- og húsakönnun er fyrst og fremst litið til mikilvægis hvers húss fyrir umhverfi sitt og bæinn sem heild og varðveislugildi hans metið út frá því. Vegna sérstöðu þorpsins í Flatey var einnig lögð áhersla á að meta varðveislugildi húsa með tilliti til menningarverðmæta.<sup>97</sup>

Í mati á varðveislugildi húsa í Flatey er gefin einkunn á bilinu 1-9, þar sem 1 táknar hæsta varðveislugildi en 9 það lægsta.<sup>44</sup>

### *Varðveislugildi húsa*

Eins og sjá má á mynd 34 sýna niðurstöður varðveislumats að 8 hús næst Kaupborgi fengu hæsta gildið og þar af tvö við Vertshússtíg og eitt hús gildi 2. Af húsum umhverfis Skansmýri fengu 14 varðveislugildið (3) en sex þeirra miðlungs varðveislugildi (4-6).<sup>98</sup>

<sup>97</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>98</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Hátt varðveislugildi (1-3) fengu því 22 hús í þorpinu og við þau bætast Gunnlaugshús og Hermannshús og húsin þrjú á Bókhúsflöt eða 26 hús samtals, en 6 hús fengu miðlungs varðveislugildi (4-6).<sup>99</sup>

Eftirfarandi hús fengu varðveislugildi 1-3:<sup>100</sup>

- Flateyjarkirkja (1)
- Hermannshús og Gunnlaugshús (1)
- Eyjólfspakkhús (1)
- Vorsalir (1), Bentshús (1)
- Vertshús vesturendi (1)
- Klausturhólar (2)
- Bjarg (2)
- Sólbakki (3)
- Pakkhús norðan við Hermannshús (3)
- Ásgarðshjallur (3)
- Vinaminni (3)
- Vertshús austurendi (3)
- Strýta (3)
- Einarshús (3)
- Skólinn (3)
- Sólheimar (3)
- Alheimur (3)
- Hjallur við Alheim (3)
- Bræðraminni (3)
- Hjallur við Bræðraminni (3)
- Bogabúð (3)
- Berg (3)

<sup>99</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>100</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

- Vegamót (3)

Hús sem hafa fengið varðveislugildi 4-5 eru eftirfarandi: <sup>101</sup>


- Sunnuhvoll (4)
- Skansinn (4)
- Bjössahjallur norðan við Stórapakkhús (4)
- Útihús við Sólheima (5)

- Geymsluskúr við Skólann (5)
- Hafliðaskemma (5)
- Hjáleigan (5)
- Myllustaðir ásamt geymslu (5)

---

<sup>101</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.





**Mynd 34. Varðveislugildi húsa<sup>102</sup>**

<sup>102</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

### *Byggingarlistarlegt gildi*

Eins og kemur fram í byggða- og húsakönnun má skipta byggingum í þorpinu í tvo flokka út frá byggingarlistarlegum sérkennum. Annarsvegar er þar um að ræða vegleg hús efnaðs fólks og hinsvegar minni og einfaldari hús alþýðufólks.<sup>103</sup> Þessir tveir flokkar hafa því listrænt gildi á ólíkan hátt. Þó að stærrí og vandaðri húsín hafi að einhverju leyti meira listrænt vægi þá eru alþýðuhúsín ekki síður merkileg því þau endurspeglu húsagerðarlist venjulegs fólks fyrr á tímum. Í gömlum bæjum eru það oft stóru og veglegu húsín sem eru vernduð og viðhaldið á meðan þau minni víkja fyrir annarri byggð. Þess vegna er ekki síður mikilvægt að vernda alþýðuhúsín.

Það er ekki síst blanda þessara tveggja flokka sem skapar heildarsamhengi byggðarinnar í Flatey. Á fáum stöðum á landinu er að finna svo vel varðveitta heild gamalla húsa sem ekki hefur verið raskað með einhverjum hætti. Yfirbragð byggðarinnar í þorpinu í Flatey er óvenjulega fallett og upprunalegt og ber skýrt vitni um byggingarlist Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20.

Byggingarlist svæðisins hefur því hátt varðveislugildi.<sup>104</sup>

### *Menningarsögulegt gildi*

Eins og bent er á í niðurstöðum fornleifaskráningar þá er Flatey merkilegur staður út frá menningarsögulegu sjónarhorni. Eyjan er einkum þekkt fyrir vel varðveitta heild gamalla húsa í þorpinu og þar hefur verið þéttbýli um langt skeið.<sup>105</sup> Byggðin í Flatey ber vitni um útlit sjávarþorpa á

umbrotatímum þegar þéttbýlismyndun er að hefjast á Íslandi um miðja níttjándu öld og byrjun þeirrar tuttugustu.

Byggðin í Flatey er þó ekki síður merkileg fyrir þær sakir að hún endurspeglar mannvistarsögu Breiðafjarðareyja. Margar eyjar á Breiðafirði hafa langa sögu búsetu, þar sem eyjabúskapur, hlunnindasöfnun og útræði sköpuðu lífíbrauð fyrir margar kynslóðir Íslendinga. Eins og fram kemur í verndaráætlun Breiðafjarðar voru Breiðfirðingar vel settir vegna hlunnindabúskapsins og fjöldi menningarmínja er tengdur þessum nytjum gegnum aldirnar. Flatey er lykilstaður í þessari sögu og var um tíma miðstöð verslunar við Breiðafjörð og menningarmiðstöð á landsvísu, en þar var fyrsta bókhlaða landsins reist árið 1864.<sup>106</sup> Þá skapaðist sérstök menning og búskaparhættir í Breiðafjarðareyjum sem eru að miklu leyti horfin í dag, fyrir utan byggðina í Flatey sem lifnar við á sumrin auk sumardvalar í öðrum eyjum Breiðafjarðar.

Byggðin í Flatey er því sérstök á menningarsögulegan hátt út frá tveimur sjónarhornum. Annarsvegar er hún vel varðveitt dæmi um þorp frá árdögum þéttbýlis á Íslandi og hinsvegar er hún merkileg hvað varðar eyjabúskap á Breiðafjarðareyjum.

Þorpið í Flatey hefur því hátt menningarsögulegt gildi.<sup>107</sup>

103 Guðmundur L Hafsteinsson, 2006.

104 Guðmundur L Hafsteinsson, 2006.

105 Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.

106 Breiðafjarðarnefnd, 2014.

107 Guðmundur L Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 35. Fjölbreyttar byggingar við Skansmýri**

### *Umhverfisgildi*

Umhverfisgildi húsa er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki. Húsin í Þorpinu hafa almennt hátt umhverfisgildi og móta hluta af heild. Á háhrygg eyjarinnar sitja húsin vel í landslagi.<sup>108</sup>

Umhverfisgildi byggðarinnar í Þorpinu er því metið hátt.<sup>109</sup>

<sup>108</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>109</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 36. Byggð í Flateyjarþorpi séð frá sjó**

### *Upprunalegt gildi*

Í Flatey er að finna einkar fjölbreyttar minjar á afmörkuðu svæði, s.s. um búskap, þéttbýli, sjósókn, verslun og ræktun, sem endurspeglar merka sögu Flateyjar og Breiðafjarðar. Í fornleifaskráningu fyrir Flatey kemur fram að Flatey er merkilegur staður út frá menningarsögulegu sjónarhorni. Þar hefur verið þéttbýli um langt skeið og eyjan er einkum þekkt fyrir vel varðveitta heild gamla húsa í Þorpinu.<sup>110</sup>

<sup>110</sup> Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2016.



Meirihluti húsanna hefur hátt upprunagildi. Húsin teljast upprunaleg í útliti og hafa mörg verið færð til upprunalegrar gerðar. Samkvæmt niðurstöðum byggða- og húsakönnunar er ekkert hús sem hefur lágt upprunagildi.<sup>111</sup>

Upprunagildi húsanna og byggðarinnar í heild telst almennt hátt<sup>112</sup>.

### Ástand

Flest húsin eru í góðu standi og mikil vinna og metnaður hefur verið lagður í viðhald bygginga í gegnum árin. Þetta skapar mjög fallett svipmót byggðarinnar sem heild. Flatey gæti verið fyrirmynd annarra staða í þessum efnum.<sup>113</sup>

Ástand byggðarinnar hefur því hátt varðveislugildi.<sup>114</sup>

### Niðurstæða

Byggðin í Flatey hefur mikið varðveislugildi fyrir margra hluta sakir. Fyrst ber að nefna ýmsar merkilegar byggingar sem eru ríkar af sögu og hafa hátt varðveislugildi hver fyrir sig. Nokkrar byggingar standa upp úr, s.s. friðlýstu húsin, Flateyjarkirkja og stóru húsin í plássinu en á heildina litið hafa mörg hús í eyjunni hátt varðveislugildi eins og sjá má á mynd 34. Í niðurstöðukafla byggða- og húsakönnunar segir jafnframt að „þessar niðurstöður sýna með ótvíæðnum hætti að húsin í Flateyjarþorpi hafa mjög mikið gildi sem menningarverðmæti ekki aðeins fyrir íbúa sveitarfélagsins heldur fyrir landsmenn alla“.<sup>115</sup>

<sup>111</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>112</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>113</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>114</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

Það er þó ekki síður samspil þessara bygginga, hvernig þau raðast upp og spila saman, sem vert er að gefa gaum og vernda heildstæða mynd þorpsins. Byggingarlistarlegt og menningarsögulegt gildi byggðarinnar er hátt vegna þessa samspils; húsakynni ólíkra þjóðfélagshópa sem endurspeglar eyjabúskap og þéttbýlismyndun í Flatey. Umhverfisgildi byggðarinnar er óumdeilt vegna staðsetningar sinnar og samspils við einstakt landslagið og náttúruna, en upprunalegt gildi og ástand byggðarinnar hefur einnig hátt varðveislugildi.<sup>116</sup>

Niðurstöður byggða- og húsakönnunar sýna að þorpið býr yfir sérstökum gæðum sem óvída eru ennþá til staðar í sama mæli í svo fáum húsum. Þar kemur fram að:

*„Þessi gæði eru bundin umhverfi húsanna, samstæðum húsa, þorpinu sem heild og einstökum húsum. Minnstu inn grip eða breytingar á húsum geta því haft veruleg áhrif á ásýnd byggðar. Sérstæða þorpsins er slík að ekki verður litið fram hjá þeirri staðreynd að mikilvægi þess er ekki einungis bundið við Flatey eða Reykhólahrepp heldur landið allt“.*<sup>117</sup>

Niðurstæða þessa varðveislumats er því að þorpið í Flatey sem heild hafi hátt varðveislugildi.<sup>118</sup>

### Verndarflokkar

Verndarflokkar voru auðkenndir í niðurstöðum á varðveislumati byggðar og einstakra húsa á húsverndarkorti (sjá mynd 37). Þar koma friðuð hús, auðkennd með bláum lit skv. eldri þjóðminjalögum. Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum. Húsin sem eru merkt með

<sup>115</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>116</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>117</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

<sup>118</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.


bláum lit (friðuð) eru *friðlýst* skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013.

Einstök hús, húsaðir og götmyndir sem lagt var til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulags vegna byggingarlistarlegrar,

menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra eru auðkennd með rauðum lit. Samstæður húsa og heildir sem lagt var til að vernda með hverfisvernd vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra eru auðkennd með gulum lit.<sup>119</sup>

---

<sup>119</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.



**Mynd 37. Verndarflokkar** <sup>120</sup> (Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012)

<sup>120</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006.

## 6. VERND OG UPPBYGGING

Lagt er til að byggðin í Flatey verði skilgreind sem verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015 og byggir tillagan á því mati sem lýst er í 5. kafla.

### *Áherslur við mótun skilmála*

Sú tillaga að gera þorpið að verndarsvæði í byggð á grunni laga þar um og tilheyrandi tillaga að verndarstefnu/-skilmálum sem hér er sett fram, er í senn árétting á því sem þegar gildir um þorpið og staðfesting á mikilvægi þess á svæðis- og landsvísu. Segja má að þorpið í Flatey sé nú þegar verndarsvæði ef litið er til þess hve vel hefur tekist að standa vörð um húsín og miðað við þau ákvæði sem gilda um byggðina samkvæmt lögum um menningarminjar og lögum um vernd Breiðafjarðar, auk stefnu og ákvæða í verndaráætlun Breiðafjarðar, aðalskipulagi Reykhólahrepps og í gildandi deiliskipulagi fyrir þorpið. Engu að síður þykir ástæða til að skilgreina svæðið sem verndarsvæði í byggð til að festa vernd þess ennfrekar í sessi til langrar framtíðar.

Auk gildandi ákvæða hefur við mótun tillögu að verndarskilmálum verið litið til þeirra áherslna sem samfélagið í Flatey hefur þegar mótað í samfélagssamningi Flateyinga sem byggður er á áherslum sem komu fram á Eyjaþingi hagsmunaaðila í Flatey sumarið 2010. Samkvæmt samningnum líta Flateyingar svo á að aðstandendur húsanna hafi sinnt hlutverki gæslumanna Flateyjar og staðið vörð um náttúru eyjarinnar, menningu og sögu. Lögð er áhersla á að varðveita arf forfeðra og skerða ekki möguleika kynslóða framtíðarinnar á að geta upplifað einstakt umhverfi Flateyjar.

Í samráði við hagsmunaaðila kom fram að talið er mikilvægt að stuðla að því að heilsársbúseta geti viðhaldist í Flatey. Vissulega felist tækifæri í ferðaþjónustu en huga þarf að því að hún þróist innan þolmarka náttúru og

mannlífs og umhverfisvænar áherslur séu í öndvegi við þróun atvinnulífs og byggðar. Í verndarskilmálum eru þó ekki sett fram markmið um þróun samfélags og búsetu þar sem slík stefnumótun er talin eiga betur heima í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í samræmi við ofangreint er við skilmálagæðina lögð áhersla á jafnvægi á milli verndunar og uppbyggingar þannig að byggð í Flatey nái að þrífast um leið og staðinn er vörður um þau miklu menningarverðmæti sem í þorpinu eru. Með því er átt við að verndun þýði ekki að engu megi breyta í eldri byggð, heldur að breytingar innan verndarsvæðis skuli miða að því að styrkja þá þætti í byggðinni sem varðveislugildi hennar felst í. Skilmálar verða nánar útfærðir í deiliskipulagi í samræmi við skipulagslög.

Byggð í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir menningarverðmætum og lífríki og er talið mikilvægt að vandað sé til viðhalds húsa, minja og landslags út frá varðveislugildi en um leið leitast við að styðja við samfélag eyjarinnar.

### *Verndarskilmálar*

Sett er fram eitt meginmarkmið fyrir Flatey sem lýsir framtíðarsýn m.t.t. samfélags og umhverfis. Til að stuðla að framtíðarsýnni eru sett fram markmið sem snúa að tvennu; annars vegar byggingum og mannvirkjum og hins vegar minjum og landslagi. Fyrir hvort markmið eru settar fram leiðir sem annars vegar geta verið áherslur til að fylgja eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð og hins vegar verkefni, aðgerðir eða framkvæmdir sem lagt er til að ráðist verði í til að viðhalda byggð og minjum.



## *Tillaga að verndarskilmálum*

### **Framtíð í Flatey**

**Meginmarkmið:** *Byggð í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir menningarverðmætum og lífríki. Vandað sé til viðhalds húsa, minja og landslags út frá varðveislugildi en um leið leitast við að styðja við samfélag eyjarinnar.*

### **Markmið um byggingar og mannvirki**

*Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar.*

### **Leiðir að markmiði:**

#### Áherslur við skipulagsgerð:

- Hlúa að fjölbreyttum bæjarrýmum og samspili við landslag, s.s. göturýmum og torgum í þorpinu og áhugaverðum sjónlínum að kennileitum á eyjunni.
- Setja sveigjanlega skilmála fyrir byggðina svo nýta megi húsin sem best.

#### Verkefni, aðgerðir, framkvæmdir:

- Endurgera og viðhalda húsum, umhverfi og almenningsrýmum með þeim hætti að það styrki heildarásýnd verndarsvæðisins.
- Bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst.

### **Markmið um minjar og landslag**

*Vernda fornminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagshilda.*

### **Leiðir að markmiði:**

#### Áherslur við skipulagsgerð:

- Gera grein fyrir minjum og setja verndarákvæði um þær.
- Skilgreina gönguleiðir og áfangastaði sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum.
- Hanna og setja upp fræðslukilti og merkingar þar sem við á.
- Bæta þjónustu við ferðamenn, s.s. salerni og ruslatunnur.
- Tryggja samræmi við stefnu í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

#### Verkefni, aðgerðir, framkvæmdir:

- Endurgera og viðhalda mannvirkjum sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur.

## HEIMILDASKRÁ

Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen (1989). *Ferðafélag Íslands Árbók 1989. Breiðafjarðareyjar*.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2016). *Fornleifar í Flatey: Aðalskráning*. Reykjavík: Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.

Breiðafjarðarnefnd 2014. *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019*. Stykkishólmur.

Guðmundur L. Hafsteinsson (2006). Þorpið í Flatey á Breiðafirði – Byggða- og húsakönnun. Reykhólar: Reykhólahreppur.

Eyjafing samantekt. Samantekt unnin af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur. 2010.

Landmótun. 2008. Reykhólahreppur Aðalskipulag 2006-2018. Staðfest af umhverfisráðherra þann 24. ágúst 2009.

Lög um verndarsvæði í byggð. 2015 nr. 87 13 júlí.

Löwenörn, Poul de (1818). *Den Islandske Kyst*, 11. Udgivet fra det Kongelige Søekaarte-Archiv 1818. København 1818.

Minjastofnun. Gögn úr Minjavefsja. Sótt 13. nóvember 2018. <http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/kortavefsja/>.

Minjastofnun Íslands 2017: Leiðbeiningar 3. Verndarsvæði í byggð.

Ólafur Sívertsen. Barðastrandasýsla. Sóknarlýsingar Vestfjarða, I. 121-122.

Samfélagssamningur Flateyinga. 2011.

Umhverfisstofnun. Gögn sótt 23. nóvember 2017.

<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlysingar-i-vinnslu/flatey-a-breidafirdi/>

VT Teiknistofa. Flatey á Breiðafirði, Þorpið. Deiliskipulagsuppráttur. Staðfest af umhverfisráðherra þann 29.júní 1992.

*Ljósmyndir í greinargerðinni eru teknar af Árna Geirssyni, nema annað sé tekið fram.*

## VIÐAUKI A

Hnitaskrá afmörkunar tillögu að verndarsvæði í byggð sem unnin er út frá pdf. útgáfu aðalskipulagsuppráttar (Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018).

